



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Gróðurfarsathuganir í Brúardölum
og á Jökuldalsheiði sumarið 1985**

Kristbjörn Egilsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Hörður Kristinsson, Náttúrufræðistofnun Norðurlands

Unnið fyrir Orkustofnun

OS-92054/VOD-14 B

Desember 1992



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 720.710

**Gróðurfarsathuganir í Brúardölum
og á Jökuldalsheiði sumarið 1985**

Kristbjörn Egilsson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Hörður Kristinsson, Náttúrufræðistofnun Norðurlands

Unnið fyrir Orkustofnun

OS-92054/VOD-14 B

Desember 1992

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
2. Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir	5
2.1 Dyngjuháls	5
2.2 Arnardalur	5
2.3 Milli Arnardalsfjalla og Arnardalsöldu	6
2.4 Þorlákslindir	6
2.5 Niðurstöður og umræða	7
3. Álftadalur	7
3.1 Niðurstöður og umræða	8
4. Þrífyrningsvatn og nágrenni	8
4.1 Niðurstöður og umræða	8
5. Dalaröðin austan við Þrífyrnings- og Möðrudalsfjallgarða	9
5.1 Laugarvalladalur	9
5.2 Niðurstöður og umræða	9
5.3 Fiskidalur frá Múla og norður undir Matbrunnavatn og Krókavatn	9
5.4 Niðurstöður og umræða	12
5.5 Lónakvíll og Lindará	12
5.6 Niðurstöður og umræða	13
5.7 Kollseyrudalur	13
5.8 Niðurstöður og umræða	13
6. Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur	14
6.1 Vestan Þverárvatns, Ánavatns og Sænautavatns	14
6.2 Norðan og austan við Ánavatn	15
6.3 Niðurstöður og umræða	16
6.4 Vestan undir Langahrygg	16
6.5 Niðurstöður og umræða	16
7. Víðidalur	17
7.1 Niðurstöður og umræða	17
8. Skjöldólfsstaðaheiði	18
9. Samantekt og umræða	18
10. Heimildir	19
Viðauki: Flóruлистar	19

1. Inngangur

Sumarið 1985 fór Orkustofnun þess á leit við Hörð Kristinsson og Kristbjörn Egilsson að þeir könnuðu í stórum dráttum gróðurfar á svæðinu í og við Arnardal, við Þrífhyrningsvatn og á Jökuldalsheiði.

Tilgangur könnunarinnar var að fá yfirlit um gróðurfar svæðanna, sem bæði gæti nýst við gróft mat á umhverfisáhrifum mismunandi virkjunarleiða og skipulag markvissari könnunar, þegar lfnur skýrðust varðandi hana.


Verið er að endurskoða hugmyndir um virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum, sitt í hvoru lagi og með veitu hinnar síðarnefndu yfir á vatnasvið hinnar fyrrnefndu. Í eldri hugmyndum hafði verið gert ráð fyrir veitu úr Fagradal yfir í Jökulsá á Dal innan við Kárahnúka, og er lokið ítarlegum náttúru-farskönnunum vegna þeirrar virkjunarhugmyndar (Hjörleifur Guttormsson o.fl. 1981, Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983, Kristbjörn Egilsson og Einar Þórarinsson 1988). Í síðari virkjunarhugmyndum hefur verið bent á nýjar leiðir til að veita Jökulsá á Fjöllum, og hafa áður nefnd svæði komið þar við sögu.

Dvalið var á rannsóknarsvæðinu 12. til 22. ágúst 1985. Veður var fremur slæmt nema fyrstu tvo dagana, yfirleitt þokur, súld eða rigning og svalt. Þar sem svæðið sem farið var yfir er stórt og aðeins 11 dagar tiltækir til útvinnu, er ljóst að aðeins er hægt að tæpa á því helsta sem fyrir augu bar, fyrir utan að skrá allar þær háplöntutegundir sem á vegi okkar urðu. Því er langt í frá að það sem hér er birt geri svæðunum einhver tæmandi skil, en getur gefið lesanda nokkra hugmynd um hina miklu grósku sem yfirleitt ríkir á þessum slóðum.

Skýrslunni var lokið í mars 1986, en lesin yfir og búin til prentunar í apríl-maí 1992.

Á eftir inngangskafli er yfirlitsmynd, sem sýnir hvar rannsóknarsvæðin eru, og með hverjum kafla eru bútar af landakorti, sem hjálpa lesanda til að átta sig betur á hvar einstaka nafngreindir athugunarstaðir eru (birt með leyfi Landmælinga Íslands). Flóru listar eru birtir í viðauka.

Yfirlitskort með áfmörkuðum
rannsóknarsvæðum



1. Svæði

2. Svæði

3. Svæði

5. Svæði

6. Svæði

7. Svæði

2. Dyngjuháls, Arnardalur og Þorláksslindir

Hér verður lýst svæði, sem nær frá Dyngjuhálsi að austan að Kreppu að vestan og suður um Álftadal (1. svæði).

2.1 Dyngjuháls


Þjóðbrautin suður að Dyngjuhálsi liggur um gróðurvana sanda og lítt grónar fingerðar melöldur. Einungis 12 háplöntutegundir voru skráðar á þessum slóðum. Þegar náglast Dyngjuhálsinn austanverðan, taka við lægðir og er melgresi þar ríkjandi á milli sandhóla. Aðrar tegundir sem þar vaxa eru geldingahnappur, músareyra, lambgras, holurt, túnvingull, fjallasveifgras, axhæra, blásveifgras, melskriðnablóm, blóðberg og klóelfting.

Votlendisvottur er austan undir Dyngjuhálsi og rennur um það smálækur. Þar er sandorpið, með miklu af hrossanál, en einnig er töluvert af hálmgresi, mýrastör, klóffu, lyfjagras, loðvíði og grávíði. Með jaðri þess eru flagkenndar flesjur. Þar vaxa m.a. hvítstör, toppastör, blómsef, flagahnoðri, sýkigras og klóelfting. Þarna eru einnig mosagrónar smátjarnir og rústir. Rústirnar eru lágar og flatar og yfirleitt 30-40 m breiðar og 50-60 m langar. Tvær reyndust enn stærri, eða 50 x 80 m. Rústakollarnir eru að mestu ógrónir, brúnleitir, en hér og þar vaxa toppar af músareyra, melanóru, geldingahnappi o.fl.

Annað gróðurlendi er syðst við Dyngjuhálsinn austan við hálsendann. Þar eru melhólar á jöðrum en votlendi miðsvæðis. Í votlendu eru leifar af rústum svipuðum og lýst var hér á undan. Þessar eru þó að mestu blásnar og fallnar og eru jaðrar þeirra frostsprungnir. Á milli rústanna er vottur af mýrastör og allmikið af hálmgresi, en hrossanálajaðar er þar fyrir utan.

2.2 Arnardalur

Arnardalur liggur milli Dyngjuháls og Arnardalsfjalla í 520-525 m hæð. Hann er flatur með vatnsmiklum uppsprettum, straumlygnum kvíslum og tjörnum. Í hann renna Álftaldalsá og Þríhyrningsá úr austri, sem síðan sameinast lindakvíslunum í Arnardalsá, sem fellur úr dalnum til vesturs og norðurs milli Arnardalsfjalla. Þegar litið er yfir dalinn frá Dyngjuhálsi sést að hann er nær samfelt gróðurlendi. Nyrst eru hálfdeigir sendnir hrossanálajaðrar með hálmgresi og víði, en þar sem deigara er, mýrastör, hálmgresi og klóffa. Allstórt vatn er norðarlega í dalnum, Móraudavatn. Það er grunnt og botn þess sendinn, a.m.k. með landi. Í því vex mikið af þráðnykru og flagasóley. Norður af vatninu gengur melrani, en annars er það gróið að bökkunum á allar hliðar. Næst því eru hálmgresi- og fifuflóar með mýrastör og sums staðar eru gulstararblettir. Þegar fjær dregur þornar um og við tekur hrossanálajaðar, oft með grávíði og loðvíði. Enn fjær, einkum á milli vatns og fjallsróta, eru hólar grónir melgresi og túnvingli og á milli eru blómplöntur, t.d. melskriðnablóm, lambgras og holurt.



Skammt norðan við vatnið austan við melranann stendur landið ívið hærra. Þar eru flagrústir, svipaðar að gerð og lýst var austan Dyngjuháls. Einnig eru þar stinnastararmóar með víði, brokflóar og smástöðuvötn. Vestan melaranans er annað rútasvæði með

allmörgum fremur litlum rústum sem rísa hærra en fyrrnefndar flagrústir og eru betur grónar, þó á milli séu flög. Á þeim má finna grávíði, lambagras, geldingahnapp, túnvingul, blávingul, fjallasveifgras og axhæru. Síðan var gengið þvert yfir mela til vesturs yfir flatlendi dalsins að norðanverðu Arnardalsfjalli. Þar verða fyrst fyrir sendnar, rakar flesjur með flagahnoðra, blástjörnu, broddastör, hálmgresi og víði. Vestast eru stórir votlendisflákar með mýrastör, klóffu og hálmgresi.

Nær suðurenda nyrðra Arnardalsfells er enn eitt rústasvæðið. Hérna eru þær fremur litlar, en nokkuð vel grónar og víðir áberandi í þeim. Svæðið er mikið bitið af gæs. Í tjörnnum er liðaskriðsóley. Við leitarmannakofa koma upp vatnsmiklar lindir. Gróður á þessum slóðum einkennist af óvenju fallegum víðiflesjum og mýrum. Víðiflesjurnar eru einkum tvennskónar. Í grávíðiflesju, sem er fremur blaut, ríkjja grávíðir og hrossanál, en fylgitegundir eru kornsúra, broddastör, sýki-gras, augnfró, smjörgras, mýrasóley, lambagras, krækilyng, lyfjagras og hálmgresi. Í þurrari víðiflesjum ríkjja loðvíðir, stinnastör og kornsúra en fylgitegundir eru krækilyng, sýki-gras, augnfró og grávíðir. Í deiglendi er jarðvegur oft harður og sendinn. Þar vaxa broddastör, hálmgresi, grávíðir, bjúgstör, lyfjagras og kornsúra. Í mýrinni er mýrastörin oftast ríkjandi ásamt hálmgresi, klóffu, loðvíði, grávíði, kornsúru, augnfró og grasvíði.

2.3 Milli Arnardalsfjalla og Arnardalsöldu

Gengið var upp hálsinn nyrst á nyrðra Arnardalsfjalli. Þaðan sér til norðurs að Móraudavatni. Meðfram því er kragi af þéttgrónum melhólum vöxnum melgresi og túnvingli. Nær melhólabeltið áfram til suðurs neðst með hlíðum nyrðra Arnardalsfells að vestan. Síðan taka við stórar flatir, að hluta vatnsbotn (leirur) sem að mestu eru uppþornaðar. Hér er land að mestu ógróið en þó finnast hálmgresiflesjur með rauðstör og hrossanál í jöðrum. Enn vestar er líft gróinn melrani og aftur allstórt flatlendi með

tjörn. Næst tjörninni er votlendiskragi, síðan tekur við allmikið gróið þurrlandi og síðan töluvert melgresissvæði. Meðfram Arnardalsá eru hálmgresisflákar með hrossanál, túnvingli og mýrasóley. Þegar komið er vestur fyrir ána eru áberandi gróðurvana melar. Á milli eru þó stöku gróðurflesjur og melhólar. Nær Arnardalsöldu verða fyrir allstórir gróðurflákar. Í þeim miðjum er bleyta. Þar ríkjja mýrastör og broddastör með víði og hálmgresi. Sums staðar er landið örllítið hærra og þar finnast stinnastarar-móar. Þeir eru einnig á bökkum stöðuvatns sem eflaust þornar flest sumur.

Á milli "Arnardalstagla" er skarð eða hlið. Í því norðanverðu er hreiðurstæði í klettum og er áburðargröp niður frá því. Mikið var af helluhnoðra og fléttum í grópinni. Í skarðinu vaxa einnig einirunnar. Um skarðið rennur lækur sem fellur svo í Kreppu. Hann á upptök sín í lindum skammt þar fyrir austan. Töluvert gróðurlendi er á þessum slóðum, við lindirnar og lækinn, með bollagróðri. Þar finnast m.a. ætihvönn, bláberjalyng, lokasjóður, friggjargras o.fl. Aðal gróðurlendið er þó grávíðiflesja fremur þurr með hrossanál og/eða broddastör sem aðal-tegundum. Einnig eru áberandi mýrasóley, krækilyng og lyfjagras. Síðan var gengið til austurs að Fremri-Fjallshala. Fyrst urðu á leið okkar melaflæmi áður en komið var að sléttum grundum með hrossanál og hálmgresi. Liggur melhólabyrping norðan að þessum grundum. Norðar sér í leirur sem eru uppþornaður stöðuvatnsbotn. Meðfram Fremri Fjallshala er stórt melhólasvæði.

2.4 Þorlákslindir

Farið var um lágan ógróinn háls sunnan undir Arnardalsöldu og síðan í Þorlákslindir. Þorlákslindir standa á bökkum Kreppu í kvos sunnan undir Arnardalsöldu. Njóta þær skjóls frá henni í norðan og austan átt. Þær eru í u.þ.b. 510 m h.y.s. Lækur rennur gegnum lindirnar og safnast í hann vatn úr ótal uppsprettum. Hér er lítil en mjög vel gróin vin og er gróska mikil. Einkennandi eru nokkuð stórbýfðar grávíðiflesjur. Hrossanál er áberandi og grávíðir ásamt

krækilyngi og/eða bláberjalyngi þar sem best er. Algengar fylgitegundir eru túnvingull, kornsúra, sýkigras, þursaskegg, beitieski, lokasjódsbróðir, klóelfting, mýrasóley og blóðberg. Meðfram aðaluppsprettulæknum er nokkuð hár (50/70 cm) gulvíðir. Æti-hvönn sést víða, en það eru eingöngu smá-vaxnar plöntur sem ekki ná sér upp vegna beitar. Í tveimur litlum en alldjúpum tjörn-um fundust fjallnykra og þráðnykra. Allt svæðið umhverfis lindirnar eru gróðurlausir melar og í fjallinu brattar skriður. Í Þor-lákslindum fannst 21 tegund háplantna.

2.5 Niðurstöður og umræða

Arnardalur er víðlendur flatur og ríkulega gróinn. Þar skiptast á víðiflesjur, votlendi og jáðarsvæði. Vatnsmiklar lindir koma víða upp og setja mikinn svip á landið. Hlíðar aðliggjandi fjalla eru að mestu ógrónir melar. Geysiskemmtilegt svæði sem þyrfti að skoða nánar.

Landið milli Arnardalsfjalla og Arnardals-öldu er að mestu flatir ógrónir melar eða melaöldur. Gróðurspildur finnast þó á milli einkum þar sem rakara er, svo sem við lindir, læki og við grunn stöðuvötn sem þorna meira og minna upp að sumrinu. Gróður hér er afar fábreyttur og einkennist af hrossa-nálajöðrum, melagresishólum og víðiflesjum.

Þorlákslindir er lítil en gróskumikil vin sem á tilveru sína að þakka uppsprettum er vökva svæðið ríkulega. Grávíðiflesjur með hrossa-nál eru mest áberandi gróðurfélag. Áhuga-verður staður.

Á því svæði sem hér var farið um voru skráðar 89 tegundir háplantna, auk ættkvíslar túnfífla. Á plöntulistum frá þessu svæði skráðum af Einari Hjörleifssyni og Guðrínu Á. Jónsdóttur í ágúst 1980 og eru varðveittir á Náttúrufræðistofnun Íslands eru 8 tegundir sem við fundum ekki. Alls hafa því verið skráðar 97 tegundir háplantna á svæðinu, auk ættkvíslar túnfífla. Hér sést glögg hvornig skjól og raki nær að laða fram kraftmikinn gróður þrátt fyrir mikið sandfok á köflum og á ýmsan annan hátt óblíð skilyrði.

3. Álftadalur

Álftadalur er milli 20 og 30 km langur og víðast nokkuð þröngur. Liggur hann sunnan við Arnardal og Öskjufjallgarð og er stefna hans að mestu norður-suður (2. svæði). Enginn kostur var að kanna dalinn svo nokkru næmi, einungis var tími til að ganga niður í hann á einum stað.


Þar sem þjóðbrautin liggur yfir Álftadalsá eru aðallega melhólar, en fjöll og drög er liggja að dalnum eru yfirleitt gróðurlaus að sjá.

Gengið var niður í dalinn að vestan frá Fagradalsgrjóti á móts við sunnanverðan Álftadalshnúk. Þar í hlíðinni eru melar, fín-gerðir og mjúkir. Á þeim vaxa m.a. þessar tegundir: Blásveifgras, lambagrass, geldinga-hnappur, músareyra, axhæra, túnvingull, melskriðnablóm, ólafssúra, bjúgstör, vetrarsteinbrjótur, fjallapuntur, fjallasveifgras, grávíðir og snækrækill. Dalbotninn er algróinn á stórum svæðum, Mest eru það grávíðiflesjur með snjómosa eða gamburmosa. Ýmsar tegundir eru algengar í þessu gróðurlendi auk grávíðisins, í misjöfnum hlutföllum eftir aðstæðum á hverjum stað, t.d. raka og snjóalögum; klóelfting, krækilyng, stinnastör, hrafnafífa, hálmgresi, kornsúra, hvítstör, rauðstör, axhæra, hrossanál og mýrastör. Á einum stað í austurbrekku dalsins má sjá gróðurtorfu með þykkum jarðvegi og nær hún nokkuð upp hlíðina. Þar eru aðallega víðiflesjur með grávíði, túnvingli og stinnastör. Í víðiflesjunum eru votlendisblettir og ríkja þar oftast klófífa og hálmgresi. Aðrar tegundir sem þar finnast eru mýrastör, grávíðir og kornsúra.

Alls fundust 72 tegundir háplantna í dalnum, auk ættkvíslar túnfífla. Til viðbótar þeim má bæta við 15 tegundum sem Einar Hjörleifsson og Guðrún Á. Jónsdóttir skráðu í ágúst 1980 er þau gengu um Álftadal á Álftadals-hnúk. Samtals hafa því verið skráðar 87 tegundir á þessum slóðum.

3.1 Niðurstöður og umræða

Álftadalur viðist vera allvel gróinn í botninn, a.m.k. þar sem við sáum niður í hann. Eru þar aðallega grávfífljesjur og smá votlendi. Hlíðar dalsins eru hins vegar ógrónir melar.



4. Príhryningsvatn og nágrenni

Ekið var til austurs milli Mynnisfjallgarðs og Öskjufjallgarðs (3. svæði). Melhólar eru norður og austur með Mynnisfjallgarði og er gróðurinn ekkert fjölbreyttari þar sem heita Mynnishagar. Við suðurenda Príhryningsvatns er stórt vallendi í um 590 m h.y.s. Gróðurfarið næst vatninu samanstendur af víðiflesju með töluverðu af grávfíði, minna af grasvíði og litlu af loðvíði. Einnig eru hrossanál, hálmgresi og snjómosi áberandi. Við útjadar gróðurlendisins, fjær vatninu, eru melhólar. Síðan var farið austur með

vatninu á nes eitt mikið er gengur út í það. Lækur rennur eftir því miðju. Nesið er alþakið þurri víðiflesju. Rískjandi tegundir eru loðvíðir og grávfíðir með þursaskeggi, krækilyngi, túnvingli og holtasóley. Algengar fylgitegundir eru fjallasveifgras, lambgras, blóðberg og lógresi.

Norðan við vatnið er víðáttumikill og flatur dalur, algróinn, er kallast Langidalur. Lækur rennur um miðjan dalinn. Meðfram lækunum og í jöðrum dalsins eru þurrar víðiflesjur með krækilyngi, bláberjalyngi og hrossanál. Innra og lengra frá brekkunum eru þýfðir stinnastaramóar með grávfíði og mosabembu. Blautara er á blettum þar sem lægra er, eða vatn stendur uppi. Þar ríkir mýrastör. Umhverfis Príhryningsvatn voru skráðar 70 tegundir háplantna.

Dalurinn sem gengur suður í Miðgötumúla er vel gróinn. Þar eru víðiflesjur til jaðranna en votlendi í miðju með nokkru af litlum tjörnum og pollum. Svo virðist sem gróðurlendi þetta nái nær saman við gróðurlendið sunnan við Príhryningsvatn. Hér voru skráðar 62 tegundir háplantna.

Úr fjallshíðinni fyrir austan Langadal má sjá að mikill gróður er í Breiðastykki og einnig vestan við ranann úr fjallinu þar fyrir sunnan.

4.1 Niðurstöður og umræða

Á þessum slóðum er meirihluti lands ógróinn. Helst er gróður að finna við Príhryningsvatn og í dalkvos og lægðum þar sem raki er sæmilegur. Gróður er gróskulegur þar sem á annað borð eru skilyrði fyrir hann. Samtals voru 83 tegundir háplantna skráðar á þessum slóðum, auk ættkvíslar túnfífla.

5. Dalaröðin austan við Þríhyrnings- og Möðrudalsfjallgarða

Í þessum kafla verður fjallað um dalaröð mikla er liggur austan við Þríhyrningsfjallgarð og Möðrudalsfjallgarð (4. svæði). Lengd svæðisins er um 50 km en breiddin sjaldnast meiri en 1-3 km. Byrjað verður syðst, þ.e. í Laugarvalladal og síðan haldið til norðurs um Fiskidal, Lónakl, Lindará og endað í Kollseyrudal. Á þessu svæði hafa samtals verið skráðar 132 tegundir háplantna, auk ættkvísla túnffla og undaffla.

5.1 Laugarvalladalur

Laugarvalladalur er þröngur dalur er liggur milli Hvannstöðsfjalla og Skógarháls. Ekki var ætlunin að gera nákvæma úttekt á gróðurfari dalsins, heldur var þar aðeins drepð niður fæti eina dagstund og gróður skráður í næsta nágrenni við eyðibýlið Laugarvelli. Þessi könnun var gerð 30. júlí 1982.

Þegar staðið er í hlíðinni ofan við bæjarstaðið og litið yfir dalinn, sést að dalurinn (550 m y.s.) er vel gróinn, meðfram Laugarvallaá og nokkuð upp hlíðarnar beggja megin hans. Þar fyrir ofan taka við blásnir melar, sumir reyndar nokkuð farnir að gróa aftur. Gróður var skráður á einum slíkum mel. Þar fundust skeggsandi, kornsúra, lokasjóðsbróðir, melskriðnablóm, músareyra, holtasóley, krækilyng, beitieski, túnvingull, hvítmaðra, mósasef, þursaskegg, axhæra, melanóra, blásveifgras, grávíðir, grasvíðir, þúfusteinbrjótur, vetrarsteinbrjótur, lambagras, holurt og blóðberg. Þar sem gróðurtorfan í dalbotninum endar og melurinn tekur við, sést allstaðar í blásin börð, með 0,5 - 1 metra jarðvegsþykkt. Virðist svo sem uppblástur hafi lengi verið í dalnum og er enn ekkert lát á honum. Gróðurlendi dalsins fara því minnkandi.

Helstu gróðurlendin eru þurrir víðimóar, þar sem grávíðir, þursaskegg og krækilyng eru ríkjandi tegundir. Fylgitegundir eru þessar: Skeggsandi, kornsúra, tungljurt, klóelfting, túnvingull, gulmaðra, dýragras, maríuvendingur, reyrgresi, fjallasveifgras, brjóstagras

og blóðberg. Á milli eru breiður þar sem fjalldrapi ríkir með grávíði og þursaskeggi. Auk þess vaxa þar holtasóley, krækilyng, túnvingull, gulmaðra, kornsúra, stinnastör, músareyra, klóelfting, hvítmaðra, dýragras, axhæra, lambagras og blóðberg. Austan árinna eru einnig víðimóar. Gil og lautir sem eru í mólendinu eru vel gróin, oft með snjó-dældaplöntum.

Volgar lindir koma út við árbakkann, neðan við gamla túnið. Umhverfis það vex mikið af brennisóley, mýrfjólu og skriðlíngresi. Í minna mæli finnast mýrastör, heiðadúnurt, augnfró, hrossanál, skarífífill, mýrasóley og túnfíflar.


5.2 Niðurstöður og umræða

Mikill uppblástur hefur þegar orðið í dalnum og heldur enn áfram. Einhver beit sauðfjár er í dalnum en virðist þó ekki há gróðrinum að ráði. Trúlega má kenna fyrri búsetu og vetrararbeit því að uppblástur hófst á sínum tíma. Ástand gróðurlenda sem ekki eru enn blásin burt er sæmilegt. Í Laugarvalladal hafa verið skráðar 93 tegundir háplantna, 31 tegund mosa, 8 tegundir fléttna og 1 tegund sveppa. Laugarvalladalur er mikilvæg samgönguleið fyrir þann hluta hreindýrastofnsins, sem dvelur á Jökuldalsheiði að vetrum og í Sauðafelli-Kringilsárrana að sumrinu. Hreindýrahjarðirnar nota dalinn sem farleið á milli þessara staða vor og haust og er hann þá um leið mikilvægt beitiland, sérstaklega á vorin þegar snjór er mikill. Auk þess er þarna jaðarburðarsvæði hreinkúnna. (Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983).

5.3 Fiskidalur frá Múla og norður undir Matbrunnavatn og Krókavatn

Lýst er þeim svæðum í Fiskidal sem farið var um. Byrjað verður syðst í dalnum við Múla, sem er á mótum Reykjarár og Fiskidalsár og síðan haldið norður eftir og endað við Búrfell, en þar á Fiskidalsá upptök sín í Matbrunnavatni og Krókavatni. Botn Fiskidals er í um 560 m hæð við Krókavatn, en

lækkar niður í 475 m hæð syðst við eyðibýl-
ið Múlakot.



Eftir að Laugarvallá og Fiskidalsá koma saman við Múlakot heitir áin Reykjará og fellur í gljúfri SV með Múla. Gengið var niður bratta brekku frá veginum sem liggur um Múlan og niður að Reykjará. Í brekkunni er vöxtulegur fjalldrapamór með gróskulegum blómgróðri og runnum, t.d. gráviði, bláberjalyngi, krækilyngi og loðviði. Einnig finnast brekkur þar sem sortulyng ríkir. Af blómplöntum og grösum má nefna ilmreyr, reyrgresi, augnfró, kornsúru, marfustakk, túnfífla, mýrasóley, túnsúru, túnvingul, fjallasveifgras, undafífla, brjósta-gras, brennisóley, þursaskegg, hnappstör, smjörgras, bugðupunt, vallengtingu, barnarót, friggjargras, mosajafna, lambgras, fjallasmára og vallhumal. Þessi tegundasamsetning gefur til kynna, að hér sé gróður fjölbreyttur og skilyrði góð. Sauðfjárbætur er hins vegar mikil og sér víða á gróðri vegna hennar. Vestan við þessar brekkur minnkar gróður í Múlanum skyndilega og eru hlíðar hans eftir það blásnar að mestu. Einstöku gróðurtorfu má þó finna og syðstu og neðstu brekkur Múlans eru sumstaðar þaktar ljónslappa sem er sjaldgæf sjón.

Hlíðar Nónhnúks, sem er sunnan við Múlan, eru grónar hálf leið upp. Mest er þar um mólendi, en votlendi inn á milli, einkum þar sem stallar eru í brekkunum.

Þegar brekkum lýkur verður fyrir flatlendi inn að Múlakoti. Yfirleitt er þar krækilyngsmór með smá deiglendi á milli. Annars staðar eru misgrónar áreyrar og einnig finnst graslendi. Dalbotninn norður Fiskidal milli Bífudfells og Múla er allur gróinn. Þar eru víðiflesjur í mörgum tilbrigðum.

Hlíðar dalsins eru nokkuð grónar, aðallega með lækjardrögum þar sem raka nýtur. Síðan þrengist dalurinn norður að Hrafnaklettum og gróðurlendi minnkar að sama skapi. Þar vikkar dalurinn aftur og við tekur 3-4 km langur kafli sem er vel gróid þurrlandi. Graslendi er áberandi vestan megin í dalnum en tiltölulega gróskumiklar gráviðiflesjur eru meira áberandi að austanverðu. Auk víðisins eru hér áberandi krækilyng, vinglar, sveifgrös og klóelfting og víða sést fjalldrapi. Á stórum kafa hefur víðiflesjan blásið burt og

eru þar nú berir sandar og vikurflákar. Síðan þrengir enn um og á nokkuð löngum kafla er gróðurlendið aðeins 10-15 m breitt beggja vegna árinna. Dalurinn er hér í raun aðeins mjó skora með sendna víðiflesju í botni og mela beggja megin í hlífum. Bíslasóð liggur um dalinn á þessum slóðum.

Þó nokkuð fyrir norðan veginn breikkar dalbotninn og verður flatur og algróinn. Þarna eru stórbýfðar víðiflesjur með ríkjandi loðvíði og grávíði, miklu af þursaskeggi og töluverðu af krækilyngi. Ennfremur eru lógresi, fjallasveifgras, túnvingull og klóelfting áberandi. Á þeim slóðum þar sem dalurinn byrjar að breikka eru austurhlíðar hans algrónar upp á brún, með víðiflesjum og þursaskeggskinnum. Þar sjást víða hálfgróin rof með túnvingli og þursaskeggi í rofum, en víðiflesju uppi á börðum. Vestan megin í dalnum eru víðiflesjubörð hér og þar upp að rótum Þrífyrnings og í lág þaðan til suðurs.

Norðan við víðiflesjurnar er melur sem klýfur gróðurlendið í tvennt og skiptist dalurinn þar. Liggja vestari drögin norður að Matbrunnvatni, en þau austari að Krókavatni. Í krikanum neðan við melinn er talsvert votlendi. Þar er allþétt mynstur af tjörnum, sumar með járnkelduvatni, aðrar tærar. Flestar eru tjarnirnar gróðurlausar, en í nokkrum er botninn þakinn mosum eða lófæti. Mýrin sjálf er yfirleitt vaxin mýrastör ásamt klóffu, en sumstaðar sést gulstör eða tjarnastör á blettum. Einnig er mikið af gulstarungi, sem er kynblendingur af gul- og mýrastör. Mosar þekja svörðinn í mýrinni.

Í tjarnastaraflóa rétt sunnan og austan við fyrrnefndan mel eru fáeinar, allstórar rústir. Þær eru gamlar og vel grónar, oft 1-1,5 m á hæð, stundum særðar í bökkum og þá hvíttar í ljósan Öskjuvikur. Helstu tegundir er vaxa á rústakollum eru krækilyng, holtasóley, loðvíðir, móastör, tröllastakkur, geldingahnappur, túnvingull, kornsúra, klóelfting, toppastör, móanára, bláberjalyng, lyfjagras og fjalldrapi. Í tjarnastaraflóanum á milli rústanna er auk tjarnastarar, hálmgresi, engjarós, mýrastör og hengistör.

Í vestari drögum dalsins er einnig votlendi með fallegum tjörnum, sem nær norður að hafti við melinn þar sem Fiskidalsá rennur yfir. Í votlendu eru tjarnastara- og fífluár ríkjandi. Tjarnir eru oft hringlaga með rúst upp úr miðju. Í haftinu er hins vegar þurrara. Þar eru þursaskeggsmóar, víðiflesjur og stinnastaramóar áberandi.

Þar sem land hækkar við rætur Þrífyrnings, hverfur votlendi en þurrlendi með víðiflesjum tekur við. Það nær langt upp í dalkvos NA undir fjallinu og niður að vestari kvísl Fiskidalsár. Síðan er lítil gróður á parti, en eykst aftur er nær dregur Matbrunnvatni. Breiður votlendiskragi er að SV, V og NV við vatnið. Malarhólar standa upp úr á stöku stað og samfelldur malarrani nær frá norðanverðu vatninu austur að Búrfelli.

Eystri drög Fiskidals er að mestu votlendi með rústasvæðum og tjörnum a.m.k. alla leið norður að Búrfellsvatni. Víðiflesjur eru þar sem land hækkar að norðanverðum Fiskidalshálsi og melur er norð-austur af Krókavatni.

Flóinn norðan við Krókavatn er mjög blautur. Víðáttumestir eru gulstaraflóar með hálmgresi og fergini, en hengistarablettir eru á milli. Í tjörnunum eru oft mosar eða lófótur, einnig þráðnykra.

Milli 15 og 20 rústir eru áberandi á tjarnarsvæðinu. Þær eru óvenju stórar og mjög áhugaverðar. Sú stærsta reyndist vera, við lauslega mælingu, 50 m löng, 35 m breið og 2-2,5 m á hæð. Hafa flestar þeirra lyfst upp úr vötnum eða flóum. Bakkar rústanna sem snúa að tjörnum eru lóðréttir og brotnar sífelldur frá þeim, þannig að í fjarlægð eru þær svartar á að líta. Á milli rústanna vaxa tjarnastör, hengistör, gulstör, mýrastör, fergin og hálmgresi.

Austan við melranann sem liggur með vatninu og rústasvæðinu að austan verður fyrir enn eitt flóa- og rústasvæði, í þetta sinn langt og mjótt.

5.4 Niðurstöður og umræða

Fiskidalur er nær allur vel gróinn í botninn og víða eru hlíðar hans sæmilega grónar þar sem raki er nægur. Víðiflesjur í ýmsum tilbrigðum eru einkennandi fyrir suðurhluta dalsins, en þegar norðar kemur verður votlendið ríkjandi með fjölbreyttum tjörnum, rústum, flóum og mýrum. Allt votlendis-svæðið er mjög gróskumikið og áhugavert. Melar eru hér og þar. Samtals voru skráðar 104 tegundir háplantna í dalnum.

Hér er vert að benda á að Fiskidalur er eina farleið hreindýra vor og haust á leið þeirra til og frá vetarhögunum á Jökuldalsheiði í sumarhagana í Kringilsárrana. Auk þess er dalurinn jaðarburðasvæði þeirra. Ástæðan fyrir þessu er sú að þetta er eina samfellda gróna svæðið á milli þessara staða og því eina fæðuvon dýranna á ferðum þeirra til og frá þessum stöðum (Skarphédinn Þórisson 1983, Kristbjörn Egilsson og Skarphédinn Þórisson 1983).

5.5 Lónakíll og Lindará

Lónakíll er í 7-8 km langri dalkvos sem liggur í nær beina stefnu frá norðri til suðurs, þ.e. frá norðurenda Grjótgarðsháls að rótum Hávatnsöldu að sunnan og er hluti lægðarinnar sem liggur úr Laugavalladal norður í Kollseyrudal. Lægst er kvosin í um 550 m y.s. Austan Lónakíls er Grjótgarðsháls, en nyrsti hluti Þrífhyrningsfjallgarðs að vestan. Flugufell (595 m) er lítil hæð sem rís vestan megin í miðri dalkvosinni og er í raun hluti Þrífhyrningsfjallgarðs.

Frá Flugufelli sést vel yfir suðurhluta Lónakíls. Nyrst loka melöldur mynni kvosarinnar. Sunnan þeirra tekur við votlendi sem þekur kvosarbotninn að nær öllu leyti. Víða í votlendinu má sjá að tjarnir og rústir eru algengar, sérstaklega vestan megin. Ofan við votlendið er annað hvort lítt gróinn melur eða að fyrst verða fyrir snjó-dældir og víðiflesjur áður en melurinn nær yfirhöndinni.

Gulstarmýrar þekja stór svæði. Auk gulstararinnar finnast í þeim eftirtaldir tegundir: Mýrastör, klóffía, hálmgresi, hengistör, grá-

víðir, klóelfting og kornsúra. Einnig finnast hengistararmýrar með grávíði, kornsúru, klóelftingu og hálmgresi. Tjarnir eru víða kögraðar tjarnastör, en tjarnabotninn sjálfur er gróðurlaus eða þakinn mosum. Stöku sinnum finnst lófótur. Í mýrunum eru rústir. Sumar þeirra eru vel grónar. Áberandi á rústarkollum eru holtasóley og krækilyng, með grávíði, klóelftingu, bláberjalyngi, grasvíði, túnvingli, lyfjagrasi, sýkigrasi, toppastör, kornsúru, fjallapunti og axhæru. Sums staðar eru rústakollarnir lægri og þá um leið blautari. Þar ríkjja hálmgresi og grávíðir.

Austan megin í dalkvosinni skammt fyrir sunnan meltungu sem gengur vestur í hana, er stór tjörn sem nú var mikið til þurr. Þar í tjarnarbotninum eru skemmtilegar hrafnaffubreiður, en allt umhverfis skiptast á fallegir gulstarar- og hengistararfloar.

Aðeins vestar við tjörnina er kíllinn mjög þröngur, um 2 m á breidd og djúpur. Bakkar hans eru hærri en landið umhverfis og eru þeir grónir grávíðiflesju. Breidd þessara kanta er um 2 m.

Í brekkum í krika, upp af títtnefndri tjörn eru fallegar snjó-dældir. Í þeim vaxa m.a. grámulla, marfustakkur, grávíðir, grasvíðir, blágresi, fjallafoxgras, krækilyng, smjörgras, brennisóley, fjallapunktur, túnvingull, bugðupunktur, fjalldrapi, mýrasóley, kornsúra, gulmaðra, horblaðka, brjóstagras, fjalladúnurt, jakobsfífill, sýkigras og bláberjalynngi. Í austurhlíð Fífufells hefur jarðvegur blásið burt og er uppblástur þar enn í gangi. Sandur sem verður eftir grær sjálfkrafa upp og virðist sú uppgræðsla ganga nokkuð hratt fyrir sig. Þar fundust þessar tegundir: Vallhumall, hvítmaðra, lambagras, geldingahnappur, túnvingull, blásveifgras, músareyra, klóelfting, tungljurt, grámulla, túnsúra, melskriðnablóm og axhæra. Krækilyngs- og grávíðiflesjum í vestanverðum Grjótgarðshálsi hefur verið lýst (Kristbjörn Egilsson 1983, bls. 51)

Einnig var gengið út með Lónakíll norðan þjóðveggar. Þar er marflatur dalbotn út að ármótum Lónakíls, Gestreidastadakvíslar og Lindará. Strandlínur í hlíðunum beggja

megin benda til þess að hér hafi áður verið vatnsbotn. Gróður á þessum slóðum einkennist af fremur þurrum sléttum víðiflesjum eða lyngmóum (grávíðir, loðvíðir og krækilyng). Gengt ármótunum gengur allmikið melahaft austur í dalinn. Hins vegar eru grónar flesjur við ármótin austan við haftið. Norðan þeirra gengur langur og mjór melrani þvert yfir dalinn, en opið er meðfram honum til beggja enda og rennur Lindará austan við hana áður en hún fellur í Lónakfl og sameinast svo Gestreiðastaðakvísl.

Norðan við melranann tekur enn við víðáttumikið marflatt gróðurlendi, heldur rakara en sunnan við ármótin. Áin er hér afar lygn með sandbotni. Skiptast á víðiflesjur með krækilyngi og hrossanál eða hálmgresi, og stinnastarmór með krækilyngi, grávíði og mosabembu þar sem er þurrara. Á milli eru mýrablettir með mýrastör og hálmgresi. Stöku tjarnir finnast og liggja fífuflóar sums staðar að þeim.

Eftir því sem norðar dregur í dalinn sem Lindará rennur um, verður votlendara og tjörnum fjölgar. Einnig sést mikið af melhólum, einkum í austanverðum dalnum og eru fallegar tjarnabyrpingar á milli þeirra. Að því er best verður séð nær gróðurlendi þetta a.m.k. norður fyrir Einbúa, en þar gengur melhaft þvert yfir dalinn og hindrar útsýn. Þegar komið er norður fyrir Einbúa verða vatnaskil og dalurinn nefnist eftir það Kollseyrudalur samnefndur ánni sem rennur norður hann.

Á þessum gönguleiðum voru samtals skráðar 112 tegundir háplantna.

5.6 Niðurstöður og umræða

Lónakfl og Lindará renna um fallega gróna dalkvos, þar sem votlendi er ríkjandi, en víðiflesjur og mólendi taka við þar sem þurrara er. Tjarnir, rústir og snjóðældir gefa landinu aukinn svip.

5.7 Kollseyrudalur

Gengið var austur með Langadalsá, síðan suður yfir berangurslega mela og komið niður í Kollseyrudal að norðan. Dalbotninn er í

u.þ.b. 530 m h.y.s., en gróður nær sumstaðar að teygja sig samfelld upp í um 600 m hæð.

Strax og komið er niður í miðjar hlíðar dalsins að norðan tekur gróðurlendi við. Hér eru fyrst og fremst snjóðældir, fremur gróskumiklar með öllum algengustu snjóðældaplöntum svo sem grámullu, fjalla-smára, fjallafoxgrasi, fjalladeplu, túnfífum, marfustakk, tungljurt og mosalyngi.

Þegar niður í dalbotninn kemur verður fyrir flatt mólendi, gróskumikið, sem áin Kollseyra liðast um tær og straumlygn. Ríkjandi tegundir eru oftast grávíðir, eða grávíðir og stinnastör, eða holtasóley og krækilyng. Tegundasamsetning fer mjög eftir raka og snjóalögum. Stórar og gróskumiklar fléttur gleðja augað. Einkum eru það tegundirnar fjallagrös (*Cetraria islandica*) og mundagrös (*C. deliseii*).

Á einum stað gengum við fram á stóra blágresisbrekku með ýmsum blómplöntum og runnum, t.d. vallhumli, grámullu, fjalla-smára, fjalladeplu, bláberjalyngi og krækilyngi.

Þegar sunnar dregur í dalinn verður landið enn flatara og það blotnar. Á þessum slóðum verður þýfð mýrastararmýri áberandi. Í mýrinni vaxa auk mýrastararinnar grávíðir, kornsúra, axhæra, gullbrá, klóelfting, hengistör og mýrelfting. Þar sem blautara er finnast hengistararflóar með mýrastör, engjarós, grávíði o.fl.

Þegar farið er að nálgast vötnin sem eru vestan við Fjánhól blotnar enn meir. Þarna eru víða blautir flóar þar sem tjarnelfting vex með álfakólfi, fergini, vetrarkvíðastör og fleiri mjög rakakærum plöntum. Á milli eru hengistararflóar og gulstararflóar.

Lengra suður gengum við ekki, en eftir því sem við best gátum séð var dalurinn allur vel gróinn og yfirleitt votlendur í botninn, en þurrara með hlíðum.

5.8 Niðurstöður og umræða

Kollseyrudalur er velgróinn dalur þar sem skiptast á votlendi með mýrum og flóum, en

víðiflesjur eru þar sem þurrara er í ýmsum tilbrigðum. Víða eru snjóðældir með nokkru blómskrúði. Á gönguleiðum um Kollseyrudal voru skráðar 109 tegundir háplantna.

6. Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur

Svæðið sem hér verður fjallað um nær frá Þverárvatni að sunnan og norður fyrir Sænautavatn til og með Langahrygg (5. svæði). Vegalengdin milli þessara staða er um 23 km. Hér er um að ræða vel gróna lægð milli alda og fella. Þar sem lægðin er dýpst eru stór vötn og er Ánavatn þeirra mest, um 7,5 km á lengd en milli 0,5 og 1,0 km á breidd. Þverárvatn og Ánavatn eru í um 520 m y.s. en Sænautavatn um 525 m y.s. Vegna víðáttu svæðisins voru engin tók að fara um það allt. Samtals voru skráðar 125 háplöntutegundir á þessu svæði, auk ættkvísla túnfífla og undafífla. Mest var farið um landið milli Sænautavatns og Ánavatns og um svæðið austan við Ánavatn að Svalbarði og Gripdeild.


6.1 Vestan Þverárvatns, Ánavatns og Sænautavatns

Við Þverárvatn er land allt vel gróið og eru grávíðiflesjur mest áberandi gróðurfélagið. Sumsstaðar hafa þær þó blásið burt og er landið þar vaxið grösum, einkum túnvingli, fjallapunti o.fl.

Við Heiðarsel er lítið vatn er kallast Pollur. Umhverfis það er töluvert votlendi sem einkennist af mýrastör og klófffu. Ofar, þ.e. í brekkum sem liggja frá vatninu og upp á hálsinn þar sem vegaslóðin liggur, er holtasóleyjarmór. Þar eru holtasóley, krækilyng og bláberjalyng mest áberandi ásamt grávíði. Einnig fundust fjalldrapi, geldingahnappur, sýkigras, túnvingull, klóelfting, lógresi, fjallapuntur og kornsúra. Á þessum slóðum voru skráðar 78 tegundir háplantna.

Í vesturhlíðum Grunnvatnsöldu eru gróskumiklir grávíðimóar með krækilyngi, bláberjalyngi, stinnastör og fjallagrösom. Koll-

ur hennar er hinsvegar melur.



Sunnan við Sænautavatn er lægð á milli Grunnvatnsöldu og Undirhlíðar. Við suðurenda vatnsins mynda hengi- og gulstararfíoi kraga næst vatninu, síðan taka við þurrar víðiflesjur og fer land hækkandi uns kemur aftur að votlendislægð. Þar er blautur flói með tjörnum. Í tjörnunum vex lófótur, fergin og tjarnastör. Einnig eru klófffuflóar með örlitlu af mýrelftingu, grávíði, hálmgresi og hengistararfíoiar með hrafnaklukku, klófffu og hálmgresi, en grávíði, kornsúru, engjarós og mýrastör í þúfum. Lægðin áfram suður eftir er votlend og gróskuleg. Tjarnastör er þar mjög áberandi. Þegar úr flóanum kemur og land fer að hækka til vesturs að Urðahlíð, tekur við grávíðimór með stinnastör, kornsúru, beitieski, krækilyngi, bláberjalyngi, klóelftingu og sýkigrasi.

Urðarhlíðin sjálf er nú melur. Þar eru stórar feysknar grávíðiplöntur, grasvíðir, holtasóley, blóðberg, lambgras, kornsúra, kræki-

lyng, músareyra, fjallasveifgras, túnvingull, móasef, axhæra, vetrarsteinbrjótur, þúfu-steinbrjótur, beitieski, flagahnoðri og geldingahnappur. Gengið var eftir hlðinni til suðurs. Þegar hún tekur að lækka taka við grávfífljesjur, sem eru að blása til suðurs. Bendir það til að öll hafi hlðin verið með slíkum gróðri áður en uppblástur hófst. Þegar komið er niður hlðina tekur við stinnastararmýri með hengistör, þar sem blautast er. Einnig eru miklir ffluflóar og tjarnastararflóar sem ná út í Leiruvötn. Rústir eru víða, en hvergi stórar.

Vestan við Urðarhlíð og Sænautafell er víðáttumikið flóasvæði sem nær frá Grjótgarðsvatni og suður um tvö ónefnd vötn að Háfsvatnsöldu. Þar eru brokflóar og hengistararflóar. Á milli eru þurrari blettir með mýra- eða stinnastör ásamt grávfíði.

Stóra vatnið sunnan við Grjótgarðsvatn, merkt á herforingjaráðskorti, er nú framræst. Botn þess er nær einn stór klóffufloí, sums staðar er þó hrafnafláa rískandi ásamt naflagrasi og hrafnaklukkku. Mosi þekur svörðinn. Starir finnast einungis við jaðra vatnsbotnsins, en hafa ekki enn náð að teygja sig inn á hann.

Frá þessum framræsta vatnsbotni liggur stararflói norður að Grjótgarðsvatni. Vatnið er svo breitt að það fyllir nokkurn veginn milli brekkna. Töluverð rústasvæði eru á halli ofan við framræsta svæðið og nær upp í hálsinn sunnan við Sænautafell. Norðar og nær fellinu breytist gróðurlendið í stinnastararmóa. Ríkjandi auk stinnastarar eru grávfíðir og kornsúra. Auk þess eru krækilyng, lambagras og geldingahnappur áberandi. Nær fellinu verða lyngheiðar með krækilyngi, holtasóley, grávfíði og geldingahnappi. Töluvert af þurrum gróðurgeirum ganga einnig upp í hálsinn austan frá.

6.2 Norðan og austan við Ánavatn

Gengið var frá ásnum sem liggur norður af Grunnvatnsöldu. Hann er mjög blásinn, stöku börð eru þó eftir a.m.k. í honum austanverðum.

Botnarnir norðan við Ánavatn eru sérstaklega gróskulegir. Þar ríkjja grávfífljesjur og í þeim er mikið af fléttum, einkum fjallagrös-um og mundagrös-um. Í Ánavatn fellur að norðan Botnalækur, er safnar í sig vatni úr Botnum og hlðum Bjallkolla og Stóra-Svalbarðs. Dalurinn sem lækurinn rennur um er votlendur þar sem hann er lægstur. Í votlendinu eru víða litlar tjarnir kögraðar klóffu, en enginn gróður er í þeim sjálfum nema helst mosar. Mýrastararmýri með grávfíði, kornsúru, mýrelftingu, hengistör og hálmgresi er algeng. Þá eru víða hengistararflóar með tjarnastör, engjarós, grávfíði og kornsúru. Á milli eru lænur með gulstör. Ofar, en þar er þurrara, taka við gróskulegar víðiflesjur, krækilyngsmóar eða holtasóleyjarmóar. Gróðri í krækilyngsmó með fjalldrapa og bláberjalynghi ásamt nokkru af fjallagrös-um hefur verið lýst (Kristbjörn Egilsson 1983, bls. 64-65). Fellin sjálf eru berangurslegir melar. Sums staðar má þó við nánari skoðun finna sæmilega gróna mela.

Við NA enda Ánavatns hefur verið lýst krækilyngsmó, grávfíðimó, blágresisdæld og þýfðu mýrlendi (Kristbjörn Egilsson 1983 bls. 65-66). Gengið var þvert yfir votlendi frá norðurenda Ánavatns og stefnt á Veturhús. Hallið suður af Veturhúsum er með stinnastararmóum, víðiflesjum og lyngmóum. Þar eru mest áberandi fjalldrapi, krækilyng, sauðamergur og holtasóley. Brok- og tjarnastararflói með rústum eru norðan við Buska sem er smávatn við Gripdeild að vestan og liggur melur víða að vatninu.

Gróðurgeiri er til suðvesturs frá Gripdeild upp yfir háls í átt að Hneflaseli. Þar eru aðallega stinnastararmóar með grávfíði og víðiflesjur í jöðrum. Í stinnastararmónum eru einnig smáblettir með mýrastör og litlum pollum. Hólóttar melöldur skilja þetta gróðursvæði frá votlendissvæðinu austan við Gripdeild. Árdrog sem liggja upp að Eiríksstaðahneflum eru öll gróin. Það eru einkum stinnastararmóar með grávfíði, en á milli eru pollar með broki eða mýrastör.

Brúnirnar austan megin í drögnum eru vaxnar lyngmóum (krækilyngi, fjalldrapa og holtasóley). Ofan brúnar austur að Búðar-

hálsvatni og þaðan í suður tekur við blautara flatlendi. Skiptast þar á fífu- og hengistararflóar og smáþýfðar stinnastararmýrar, ásamt þurrum bungum með sléttum flagmóum. Í flagmónum vaxa einkum móastör, dvergstör, holtasóley, krækilyng, geldingahnappur og kornsúra.

Suðaustan við Gripdeild liggja stórir rennblautir flóar. Þarna eru einkum gulstararflóar, hengistararflóar með hálmgresi og blettir af tjarnastararflóum og brokflóum. Við útfall Veiðidalsár úr Gripdeild er heldur þurrara, en þaðan til norðurs virðist aftur blotna um.

6.3 Niðurstöður og umræða

Hér hefur verið stiklað á stóru, enda rannsóknasvæðið feykistört og erfitt yfirferðar. Þó er ljóst að hér eru votlendi og heiðalönd óvenju víðáttumikil og gróskuleg. Á þessum slóðum voru mörg heiðabýli, sum langt fram á þessa öld, sem staðfesta hversu búsaðlarlegt hér er.

Gróskulegar víðiflesjur og fléttugróður gera það að verkum að nú er á þessu svæði mikilvægt vetrar- og vorkararsvæði hreindýra og auk þess jaðarburðarsvæði. Hér dvelur sem sagt sá hluti hreindýrastofnsins hluta vetrar og öll vor, sem síðar fer um Fiskidal suður í sumarbeitiöldin í Kringilsárrana (Skarphéðinn Þórisson 1983, Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983). Margt er hér sem bendir til að á þessum slóðum séu einhverjar gróskumestu heiðar á landinu í svona mikilli hæð.

6.4 Vestan undir Langahrygg

Þar sem Gestreiðastaðakvísl rennur til austurs norðan við Grjótagarðsháls eru fyrst berir melar. Austan við þá eru flatar vel grónar heiðar. Gróðurlendi heiðanna samanstendur af ýmiskonar mólendi og eru fléttur áberandi í þeim öllum, sérstaklega fjallagrös og mundagrös. Mólendinu má gróflega skipta í: holtasóleyjarmó, krækilyngsmó, þursaskeggsmó og víðiflesjur (loðvíðir, grávíðir og túnvingull). Nokkru eftir að Gestreiðastaðakvísl beygir til norðurs verður fyrir

melhaft og hefur áin grafið sig gegnum það í gili.

Sunnan við fyrirnefnd heiðalönd verður fyrir minna gróið land, skiptast þar á melar og mólendi. Landið hækkar til suðurs og verður algróið hall þar sem byggðalína liggur yfir. Þetta hall er samfelld víðiflesja með krækilyngi, holtasóley, þursaskeggi og töluverðu af fjallagrösom. Rof er í útjöðrum.

Síðan var gengið suður með Langahrygg að vestan. Þar er dalkvosin 525 m y.s. og um hana renna lækir sem falla úr Grjótagarðsvatni og Sænautavatni. Þeir sameinast og falla að lokum í Gestreiðastaðakvísl.

Nokkru sunnan við raflínu rjúfa tvö melgróp, um 40-50 m breið landið í sundur. Gróðurlendin breytast þegar nálgast þessi rof. Fjalldrapi verður meira áberandi og síðan taka við sendnar víðiflesjur með loðvíði. Víðiflesja er einnig milli rofanna. Austan við þau er votlendi. Þar eru flóar með mýrastör, broki og hengistör. Einnig finnast tjarnir, en rústir eru engar. Enn sunnar verður gróðurlendið þéttara og þurrara. Þar eru áberandi mýrastör, stinnastör, hálmgresi, hrossanál, túnvingull, axhæra og blávingull. Síðan breiðir gróðurlendið úr sér og verður að grösugu þurrlendi með túnvingli, þursaskeggi, sveifgrösom, stinnastör, kornsúru, grávíði og loðvíði sem skiptast á við lyngmó með krækilyngi, fjalldrapa og víði. Þurrlendi þetta heldur áfram suður fyrir þjóðveg, aðallega vestan við lækinn. Austan hans er hins vegar votlendi rískandi syðst og nær það alveg að Sænautavatni. Á þessu svæði voru skráðar 82 tegundir háplantna.

6.5 Niðurstöður og umræða

Á þessu svæði er land yfirleitt vel gróið og sums staðar mikil gróska, sérstaklega í heiðarlöndum þar sem fléttur eru stórar og fallegar. Votlendi er einnig víða fjölskrúðugt.

7. Víðidalur


Vestan að Víðidal liggja Litla- og Stóra-Svalbarð, en að austan er Kiðufell. Víðidalsá rennur norður eftir dalnum, en hún á upptök í Gripdeild. Dalbotninn er í rúmlega 500 m y.s. og allur vel gróinn (6. svæði).

Gengið var suður í dalinn frá Þjóðvegi. Fyrst verður fyrir votlendi með mörgum tjörnum og eru nokkrar allstórar. Þær eru yfirleitt gróðurlausar í botninn nema í sumum eru mosar. Blautustu flóarnir eru vaxnir tjarnastör. Á milli eru nær hreinir hengistararflóar. Þar sem þurrara er, skiptast á mýrastör og hengistör með grávíði. Klóffia er víða og fyllir oft út í litlar tjarnir og polla, eða kögrar þá. Sumsstaðar standa rústir upp úr votlendinu og eru þær vel grónar. Austan við votlendið eru melöldur oft vaxnar krækilyngs- eða grávíðimó með fjölmörgum fylgitegundum. Slíkum mel hefur verið lýst, þar sem holtasóley var ríkjandi, en krækilyng og grávíðir og móastör voru áberandi (Kristbjörn Egilsson 1983 bls. 62). Víða eru melkollarnir ógrónir. Í mólendinu eru fléttur áberandi, sérstaklega fjallagrös, mundagrös og hreindýramosi.

Svo virðist sem dalurinn að austanverðu þ.e. nær Kiðufelli sé þurrlendari en að vestanverðu þar sem við gengum um. Nokkuð er gróið upp í hlíðar Kiðufells og alls staðar virðist gróið að ánni.

Innst í Víðidal er víða samfelld votlendi. Skiptast þar á tjarnir, tjarnastararflákar, fífusund, mýrastararmýrar og hengistararmýrar eða flóar. Í votlendinu eru víða vel grónar stórar rústir með krækilyngi eða grávíðimó með stinnastör, túnvingli, kornsúru, klóffu, hrossanál, lyfjagras, tröllastakk, smjörgrasi og fjallagrös.

Vestan við heidarbýlið Víðirhóla eru öldur sem nú eru blásnar og berir melar. Þar má hins vegar álfta að fyrrum hafi verið víðihólar, þ.e. áður en bærinn byggðist.



Þegar komið er upp úr votlendinu tekur víðimór oftast við. Ofan hans eru melar. Litla-Svalbarð er melur. Þar eru grasvíðir, grávíðir og móasef áberandi, en einnig finnst í nokkrum mæli túnvingull, blávingull, beitieski, lambgras, axhæra, blóðberg, fjallapuntur, holtasóley, vetrarsteinbrjótur, geldingahnappur, túnsúra og fjallagrös.

Alls voru skráðar 88 tegundir háplantna, auk ættkvíslar túnffla, á göngunni um Víðidal. Ekki var kostur að ganga um austanverðan dalinn.

7.1 Niðurstöður og umræða

Víðidalur er vel gróinn og ástand gróðurs yfirleitt gott að því er best varð séð. Ekki var gott að átta sig á hlutfalli votlendis og þurrlendis. Þurrlendi gæti verið meira en ætla mætti við fyrstu sýn.

Víðidalur er hluti af vetrar- og vorbeitilandi hreindýranna og þar er einnig jaðarburðasvæði (Skarphéðinn Þórisson 1983, Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983).

8. Skjöldólfsstaðaheiði

Gengið var upp á heiðina frá Skjöldólfsstaðaskóla (7. svæði). Fjallshlíðin þar er öll gróin. Rofabörð koma þó fyrir. Ofan við heiðarbrúnina eru grýttir melar þar sem holtasóley ríkir ásamt þurrum móum með dvergstör og móastör. Megin flatlendi heiðarinnar, á milli melanna, er allt gróið. Þar er oft votlendi með fífum, mýrastör og tjarnastör. Rústir fundust í votlendinu nálægt heiðarbrúninni.

Samtals voru skráðar 135 tegundir háplantna, auk ættkvísla túnfífla og undaffífla, á svæðinu frá bökkum Jökulsár á Dal (200 m y.s.) og upp fyrir brúnir Skjöldólfsstaðaheiðar (520 m y.s.).

9. Samantekt og umræða

Úttekt var gerð á gróðurfari í og við Arnardal, í nágrenni Þríhyrningsvatns og á Jökuldalsheiði.

Arnardalur er víðlendur, flatur og ríkulega gróinn víðiflesjum, mýrlendi og jaðarsvæðum. Hlíðar aðliggjandi fjalla eru að mestu ógrónir melar. Athyglisvert svæði.

Landið milli Arnardalsfjalla og Arnardalsöldu er að mestu flatir ógrónir melar. Fábreyttar gróðurspildur finnast þó, þar sem rakara er, einkum hrossanálajaðrar, melgrasbólur og víðiflesjur.

Þorlákslindir. Lítil en gróskumikil vin, þar sem grávíðiflesjur með hrossanál eru mest áberandi. Athyglisverður staður.

Álftadalur. Grávíðiflesjur og smávotlendi þekja botn dalsins, en hlíðar hans eru yfirleitt ógrónir melar.

Þríhyrningsvatn og nágrenni. Á þessum slóðum er meirihluti lands ógróinn. Gróðurfíðar finnast þó, einkum þar sem raki er sæmilegur, bæði votlendi og víðiflesjur.

Laugarvalladalur. Dalurinn er gróinn í botninn. Einkum verða þar fyrir víðimóar. Uppblástur er í dalnum og víða eru rofabörð. Ástand gróðurlenda sem ekki eru blásin er sæmilegt.

Fiskidalur er nær allur vel gróinn í botninn og víða eru hlíðar hans sæmilega grónar, þar sem raki er nægur. Víðiflesjur í ýmsum tilbrigðum einkum syðst og votlendi einkum nyrst, eru áberandi. Votlendissvæðin eru sérlega gróskumikil og athyglisverð.

Lónakíll og Lindará renna um fallega gróna dalkvos, þar sem votlendi (með tjörnum og rústum) er ríkjandi í botninn, en víðiflesjur og mólendi taka við þar sem þurrara er.

Kollseyrudalur er vel gróinn dalur þar sem skiptast á votlendi með mýrum og flóum, en fjölbreyttar víðiflesjur eru þar sem þurrara er.

Jökuldalsheiði (við Þverárvatn, Ánavatn, Sænavatn og norður með Langahrygg). Hér eru víðáttumikil og vel gróin heiðalönd, þar sem fléttugróður setur svip sinn á landið. Stór votlendissvæði eru þar einnig með gróskulegum flóum og mýrum. Víða finnast rústir. Líklega eru þetta einhverjar gróskumestu heiðar á landinu miðað við hæð yfir sjó.

Víðidalur er vel gróinn. Í votlendinu skiptast á mýrar og flóar og víða eru rústir. Þurrlendið er oftast gróskulegar víðiflesjur. Hærra í hlíðum er ógróið.

Skjöldólfsstaðaheiði. Vel gróin heiðalönd með votlendi í lægðum en melum þar sem hærra stendur.

Svæðið sem farið var um er stórt. Því er augljóst að umfjöllun um svæðið er hvergi tæmandi. Hún sýnir þó að hér er yfirleitt um óvenju vel gróið og fallett land að ræða, bæði votlendi og heiðarlönd. Ýmislegt bendir til að á Jökuldalsheiði séu jafnvel einhverjar gróskumestu heiðar á landinu miðað við

hæð yfir sjó.

Sé gerður samanburður við önnur hálandis-svæði, má sjá að hinn landræni þáttur veður-farsins á þessu svæði endurspeglast í gróðr-inum. Þessi landrænu einkenni koma eink-um fram í rökum, flagkenndum, hálfgrónum flesjum með toppastör, rauðstör og stundum hvítstör með móanóru. Þar sem er heldur þurrara og sendnara eru oft blástjarna og maríuvendlingur. Í flagmóum er oft töluvert af dvergstör og móastör, stundum einnig móanóra. Þessi einkenni eru sameiginleg með Skjálfandafjóltsdrögum og heiðalöndum norðan Hofsjökuls, en ólfsk því sem er á landinu vestanverðu eða sunnan jökla. Sömuleiðis er áberandi hversu vallhumall er algengur á þessum hluta hálandisins, eins og raunar einnig í Ódádahrauni og Skjálfanda-fjóltsdrögum, en hvorki á vestanverðu né sunnanverðu hálandinu.

Bent er á að nú þegar er vitað að stór hluti heiðarinnar er mikilvægt vetrar- og vorbeiti-land hreindýrastofnsins. Fiskidalur og Laugarvalladalur eru farleiðir hreindýranna vor og haust milli sumarhaganna í Kringils-árrana og Jökuldalsheiðar. Þá eru ýmsir staðir á heiðinni jaðarburðasvæði hreinkúnna, þ.e. þar bera þær hreinkýr sem ekki ná að komast í Kringilsárrana fyrir burð (Skarphéðinn Þórisson 1983, Kristbjörn Eg-ilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983).

Heiðarnar er gróskmiklar, einkum ef hæð þeirra yfir sjó er höfð í huga, og ekki hvað síst þess vegna ber að sýna þeim fyllstu virð-ingu í umgengni, auk þess sem þær eru mik-ilvægar fyrir hreindýrastofninn og góð beiti-lönd fyrir sauðfé.

10. Heimildir

- Hjörleifur Guttormsson (ritstjórn), Einar Þórarinsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson og Hákon Aðalsteinsson 1981. *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal*. Orkustofnun, OS-81002/VOD-02, 269 s. og 46 ljósmyndir.
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkingar*. Íslensk náttúra II. Örn & Örlygur, 306 s.
- Kristbjörn Egilsson 1983. *Fæða og beiti-lönd íslensku hreindýranna*. Orkustofnun, OS-83073/VOD-07, 235 s.
- Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983. *Áhrif fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi á hreindýr og beiti-lönd þeirra*. Orkustofnun, OS-83074/VOD-08, 65 s.
- Kristbjörn Egilsson og Einar Þórarinsson 1988. *Brúaröræfi, náttúrufarskönnun vegna virkjunar Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Dal*. Orkustofnun, OS-88021/VOD-03, 161 s., 24 ljósmyndir og 2 örnefnakort.
- Landmælingar Íslands 1988. Blað 8. Mið-austurland.
- Skarphéðinn Þórisson 1983. *Hreindýrarann-sóknir 1979-1981, lokaskýrsla*. Orku-stofnun, OS-83072/VOD-06, 210 s.
- Tutin, T.G., V.H. Heywood, N.A. Burges, D.H. Valentine, S.M. Wallers og D.A. Webb 1964-1980. *Flora Euroaëa, vol. I-V*. The University Press, Cambridge. 2246 s.

VIÐAUKI

Flóruhlsti, útbreiðsla eftir svæðum

Flóruhlsti, raðað eftir íslenskum heitum

Flóru-listi, útbreiðsla eftir svæðum.

Samtals hafa fundist 173 tegundir háplantna á rannsóknarsvæðinu auk ógreindra tegunda 3ja ættkvísla. Það er u.þ.b. 40 % íslensku flórunnar. Tegundunum er raðað á listann í stafrófsröð ættkvísla og eru latnesku heitin á undan, en það íslenska kemur á eftir. Í lista á eftir töflunni er plöntunum raðað eftir íslenskum heitum þeirra. Við nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) og Flora Europea (I-V, 1964-1980).

1. svæði Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir
2. svæði Álftadalur
3. svæði Þríhyrningsvatn og nágrenni
4. svæði Dalaröðin austan Þríhyrnings- og Möðrudalsfjallgarða
5. svæði Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur
6. svæði Víðidalur
7. svæði Skjöldólfsstaðaheiði

Svæði nr	1	2	3	4	5	6	7
<i>Achillea millefolium</i> , vallhumall	x	x	x	x	x	x	
<i>Agrostis capillaris</i> , hálfngresi							x
<i>Agrostis stolonifera</i> , skriðlfngresi	x	x	x	x	x	x	x
<i>Agrostis vinealis</i> , týtulfnngresi	x				x		x
<i>Alchemilla alpina</i> , ljónslappi				x			x
<i>Alchemilla glomerulans</i> , hnoðamarfustakkur					x		
<i>Alchemilla vulgaris</i> , marfustakkur			x	x	x	x	x
<i>Alopecurus aequalis</i> , vatnslíðagras				x			
<i>Angelica archangelica</i> , ætihvönn	x	x					
<i>Anthoxanthum odoratum</i> , ilmreyr				x	x	x	x
<i>Arabis alpina</i> , skriðnablóm		x		x			
<i>Arenaria norvegica</i> , skeggsandi	x	x		x	x	x	x
<i>Armeria maritima</i> , geldingahnappur	x	x	x	x	x	x	x
<i>Bartsia alpina</i> , smjörgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Betula nana</i> , fjalldrapi	x			x	x	x	x
<i>Bistorta vivipara</i> , kornsúra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Botrychium lunaria</i> , tungljurt	x	x	x	x	x		x
<i>Calamagrostis stricta</i> , hálmngresi	x	x	x	x	x	x	x
<i>Calluna vulgaris</i> , beitilyng							x
<i>Capsella bursa-pastoris</i> , hjartarfi							x
<i>Cardamine nymanii</i> , hrafnaklukka	x	x		x	x	x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i> , melablóm	x	x	x	x	x	x	
<i>Carex atrata</i> , sóttstör						x	x
<i>Carex bicolor</i> , hvítstör	x	x		x			
<i>Carex bigelowii</i> , stinnastör	x	x	x	x	x	x	x
<i>Carex capillaris</i> , hárleggjastör	x						x
<i>Carex capitata</i> , hnappstör					x		x
<i>Carex chordorrhiza</i> , vetrarkvíðastör				x	x		
<i>Carex glacialis</i> , dvergstör	x		x	x	x	x	x
<i>Carex krausei</i> , toppastör	x		x	x	x	x	

1. svæði Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir
2. svæði Álftadalur
3. svæði Þríhryningsvatn og nágrenni
4. svæði Dalaröðin austan Þríhrynings- og Möðrudalsfjallgarða
5. svæði Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur
6. svæði Víðidalur
7. svæði Skjöldólfsstaðaheiði

Svæði nr	1	2	3	4	5	6	7
<i>Carex lachenalii</i> , rjúpastör		x	x	x	x	x	x
<i>Carex lyngbyei</i> , gulstör	x	x		x	x	x	
<i>Carex macloviana</i> , kollstör					x		x
<i>Carex maritima</i> , bjúgstör	x	x	x	x	x		x
<i>Carex microglochin</i> , broddastör	x	x	x				x
<i>Carex nardina</i> , finnugsstör		x					
<i>Carex nigra</i> , mýrastör	x	x	x	x	x	x	x
<i>Carex norvegica</i> , fjallastör				x	x	x	x
<i>Carex rariflora</i> , hengistör	x	x	x	x	x	x	x
<i>Carex rostrata</i> , tjarnastör	x			x	x	x	x
<i>Carex rufina</i> , rauðstör	x	x	x	x	x		
<i>Carex rupestris</i> , móastör			x	x	x	x	x
<i>Carex saxatilis</i> , hrafnastör				x	x		x
<i>Cassiope hypnoides</i> , mosalyng				x	x		x
<i>Catabrosa aquatica</i> , vatnsnarfagras	x	x		x	x		x
<i>Cerastium alpinum</i> , músareyra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Cerastium cerastoides</i> , lækjafræhyrna		x	x	x	x	x	
<i>Cerastium fontanum</i> , vegarfi	x			x	x		x
<i>Coeloglossum viride</i> , barnarót	x			x			x
<i>Cystopteris fragilis</i> , tófugras	x						
<i>Deschampsia alpina</i> , fjallapunktur	x	x	x	x	x	x	x
<i>Deschampsia caepitosa</i> , snarrótarpuntur				x	x		x
<i>Deschampsia flexuosa</i> , bugðupunktur		x		x	x		x
<i>Draba incana</i> , grávorblóm					x		x
<i>Draba nivalis</i> , héluvorblóm		x			x		
<i>Draba norvegica</i> , hagavorblóm	x	x		x	x	x	x
<i>Dryas octopetala</i> , holtasóley	x	x	x	x	x	x	x
<i>Empetrum nigrum</i> , krækilyng	x	x	x	x	x	x	x
<i>Epilobium alsinifolium</i> , lindadúnurt	x	x	x	x			x
<i>Epilobium anagallidifolium</i> , fjalladúnurt	x	x	x	x	x	x	x
<i>Epilobium hornemannii</i> , heiðadúnurt		x	x	x	x	x	x
<i>Epilobium lactiflorum</i> , ljósadúnurt			x	x			
<i>Epilobium latifolium</i> , eyrarrós	x	x	x	x	x		x
<i>Epilobium palustre</i> , mýradúnurt	x	x					x
<i>Equisetum arvense</i> , klóelfting	x	x	x	x	x	x	x
<i>Equisetum fluviatile</i> , fergin				x	x	x	
<i>Equisetum palustre</i> , mýrelfting				x	x	x	x
<i>Equisetum pratense</i> , vallelfting				x	x	x	x
<i>Equisetum variegatum</i> , beitieski	x	x	x	x	x	x	x
<i>Erigeron borealis</i> , jakobsfífill	x	x	x	x	x	x	x

1. svæði Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir
2. svæði Álftadalur
3. svæði Þríhyrningsvatn og nágrenni
4. svæði Dalaröðin austan Þríhyrnings- og Möðrudalsfjallgarða
5. svæði Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur
6. svæði Vöðidalur
7. svæði Skjöldólfsstaðaheiði

Svæði nr	1	2	3	4	5	6	7
<i>Erigeron uniflorus</i> , fjallakobbi	x	x	x	x	x		
<i>Eriophorum angustifolium</i> , klófffa	x	x	x	x	x	x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i> , hrafnaflfa	x	x	x	x	x	x	x
<i>Euphrasia frigida</i> , augnfró	x	x	x	x	x	x	x
<i>Festuca richardsonii</i> , túnvingull	x	x	x	x	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i> , blávingull	x	x		x	x	x	x
<i>Galium normanii</i> , hvítmaðra	x		x	x	x	x	x
<i>Galium verum</i> , gulmaðra	x			x	x		x
<i>Gentiana nivalis</i> , dýragras			x	x	x	x	x
<i>Gentianella amarella</i> , grænvöndur							x
<i>Gentianella aurea</i> , gullvöndur							x
<i>Gentianella campestris</i> , marfuvöndur							x
<i>Gentianella tenella</i> , marfuvendlingur		x	x	x	x		x
<i>Geranium sylvaticum</i> , blágresi	x			x	x	x	x
<i>Hieracium islandicum</i> , Íslandsfífill							x
<i>Hieracium spp.</i> , undaflflar					x		x
<i>Hierochloe odorata</i> , reyrgresi				x	x		x
<i>Hippuris vulgaris</i> , lófótur	x			x	x		
<i>Juncus alpinus</i> , mýrasef	x			x			x
<i>Juncus arcticus</i> , hrossanál	x	x	x	x	x	x	x
<i>Juncus biglumis</i> , flagasef	x	x	x	x	x	x	
<i>Juncus filiformis</i> , þráðsef					x		x
<i>Juncus trifidus</i> , móasef		x	x	x	x	x	x
<i>Juncus triglumis</i> , blómsef	x	x	x	x	x	x	x
<i>Juniperus communis</i> , einir	x						
<i>Kobresia myosuroides</i> , þursaskegg	x	x	x	x	x	x	x
<i>Koenigia islandica</i> , naflagras	x	x	x	x	x	x	
<i>Leontodon autumnalis</i> , skarífífill							x
<i>Leymus arenarius</i> , melgras	x	x	x	x			
<i>Loiseleuria procumbens</i> , sauðamergur				x	x	x	x
<i>Lomatogonium rotatum</i> , blástjarna	x		x	x	x		x
<i>Luzula arcuata</i> , boghæra			x	x		x	
<i>Luzula multiflora</i> , vallhæra	x			x	x	x	x
<i>Luzula spicata</i> , axhæra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Lychnis alpina</i> , ljósberi			x	x	x	x	x
<i>Menyanthes trifoliata</i> , horblaðka				x		x	
<i>Minuartia biflora</i> , fjallanóra		x					x
<i>Minuartia rubella</i> , melanóra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Minuartia stricta</i> , móanóra				x	x		
<i>Montia fontana</i> , lækjagrýta							x

1. svæði Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir
2. svæði Álftadalur
3. svæði Þríhryningsvatn og nágrenni
4. svæði Dalaröðin austan Þríhrynings- og Möðrudalsfjallgarða
5. svæði Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur
6. svæði Víðidalur
7. svæði Skjöldólfsstaðaheiði

Svæði nr	1	2	3	4	5	6	7
<i>Myosotis arvensis</i> , gleym-mér-ei							x
<i>Omalotheca supina</i> , grámulla		x	x	x	x	x	x
<i>Oxyria digyna</i> , ólafssúra	x	x	x	x	x	x	
<i>Parnassia palustris</i> , mýrasóley	x		x	x	x		x
<i>Pedicularis flammea</i> , tröllastakkur			x	x	x	x	x
<i>Phleum alpinum</i> , fjallafoxgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Phleum pratense</i> , vallarfoxgras							x
<i>Pinguicula vulgaris</i> , lyfjagras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Plantago maritima</i> , kattartunga	x						
<i>Platanthera hyperborea</i> , friggjargras	x			x	x		x
<i>Poa alpina</i> , fjallasveifgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Poa annua</i> , varpasveifgras					x		x
<i>Poa flexuosa</i> , lotsveifgras		x					
<i>Poa glauca</i> , blásveifgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Poa pratensis</i> , vallarsveifgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Polygonum aviculare</i> , blóðarfi							x
<i>Potamogeton alpinus</i> , fjallnykra	x			x	x		
<i>Potamogeton filiformis</i> , þráðnykra	x	x		x	x		x
<i>Potentilla crantzii</i> , gullmura				x	x		x
<i>Potentilla palustris</i> , engjarós				x	x	x	x
<i>Pyrola minor</i> , klukkublóm	x	x		x	x	x	x
<i>Ranunculus acris</i> , brennisóley		x	x	x	x	x	x
<i>Ranunculus hyperboreus</i> , sefbrúða				x	x		x
<i>Ranunculus reptans</i> , flagasóley	x			x			
<i>Ranunculus trichophyllus</i> , lónasóley	x			x			
<i>Rhinanthus minor</i> , lokasjóður							x
<i>Rhodiola rosea</i> , burnirót					x		
<i>Rumex acetosa</i> , túnsúra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Rumex longifolius</i> , heimulunjóli							x
<i>Sagina nivalis</i> , snækrækill	x	x	x	x	x	x	x
<i>Sagina nodosa</i> , hnúskakrækill	x			x			x
<i>Sagina procumbens</i> , skammkrækill			x				
<i>Sagina saginoides</i> , langkrækill	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix callicarpaea</i> , grávðir	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix herbacea</i> , grasvðir	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix lanata</i> , loðvðir	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix phylicifolia</i> , gulvðir	x						
<i>Saxifraga aizoides</i> , gullsteinbrjótur							x
<i>Saxifraga caespitosa</i> , þúfusteinbrjótur	x	x	x	x	x	x	x
<i>Saxifraga cernua</i> , laukasteinbrjótur		x		x			

1. svæði Dyngjuháls, Arnardalur og Þorlákslindir
2. svæði Álftadalur
3. svæði Þríhyrningsvatn og nágrenni
4. svæði Dalaröðin austan Þríhyrnings- og Möðrudalsfjallgarða
5. svæði Þverárvatn, Ánavatn, Sænautavatn og Langihryggur
6. svæði Víðidalur
7. svæði Skjöldólfsstaðaheiði

Svæði nr	1	2	3	4	5	6	7
<i>Saxifraga hirculus</i> , gullbrá		x		x	x	x	x
<i>Saxifraga hypnoides</i> , mosasteinbrjótur				x			
<i>Saxifraga nivalis</i> , snæsteinbrjótur	x	x		x			
<i>Saxifraga oppositifolia</i> , vetrarsteinbrjótur	x	x	x	x	x	x	x
<i>Saxifraga stellaris</i> , stjörnusteinbrjótur			x	x	x		x
<i>Sedum acre</i> , helluhnoðri	x	x	x		x		x
<i>Sedum villosum</i> , flagahnoðri	x		x	x	x	x	x
<i>Selaginella selaginoides</i> , mosajafni	x		x	x	x	x	x
<i>Sibbaldia procumbens</i> , fjallasmári				x	x	x	x
<i>Silene acaulis</i> , lambgras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Silene uniflora</i> , holurt	x	x	x	x	x		x
<i>Sparganium spp.</i> , brúsar				x			
<i>Stellaria media</i> , haugarfi					x		x
<i>Taraxacum spp.</i> , túnfíflar	x	x	x	x	x	x	x
<i>Thalictrum alpinum</i> , brjóstagras			x	x	x	x	x
<i>Thymus arcticus</i> , blóðberg	x	x	x	x	x	x	x
<i>Tofieldia pusilla</i> , sýkigras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Triglochin palustris</i> , mýrasauðlaukur				x	x		x
<i>Trisetum spicatum</i> , lógresi		x	x	x	x	x	x
<i>Vaccinium myrtillus</i> , aðalbláberjalyng				x			x
<i>Vaccinium uliginosum</i> , bláberjalyng	x	x	x	x	x	x	x
<i>Veronica alpina</i> , fjalladepla	x	x	x	x	x	x	x
<i>Veronica fruticans</i> , steindepla				x	x		x
<i>Viola canina</i> , týsfjóla							x
<i>Viola epipsila</i> , birkifjóla							x
<i>Viola palustris</i> , mýrfjóla				x	x		x
Fjöldi tegunda	97	87	83	132	125	87	135

FLÓRULISTI, raðað eftir íslenskum nöfnum.

Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	Grámulla	<i>Gnaphalium supinum</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	Grávorbóm	<i>Draba incana</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Birkifjóla	<i>Viola epipsila</i>	Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Bjúgstör	<i>Carex maritima</i>	Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Blástjarna	<i>Lomatogonium rotatum</i>	Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	Haugarfi	<i>Stellaria media</i>
Blóðberg	<i>Thymus arcticus</i>	Hálingresi	<i>Agrostis tenuis</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	Hálmgresi	<i>Calamagrostis neglecta</i>
Boghæra	<i>Luzula arcuata</i>	Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemannii</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	Heimulunjóli	<i>Rumex longifolius</i>
Broddastör	<i>Carex microglochin</i>	Helluhnöðri	<i>Sedum acre</i>
Brúsar	<i>Sparganium</i> sp.	Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	Héluvorblóm	<i>Draba nivalis</i>
Burnirót	<i>Sedum rosea</i>	Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Dvergstör	<i>Carex glacialis</i>	Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>	Hnoðamaríustakkur	<i>Alchemilla glomerulans</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>	Hnúskakrækili	<i>Sagina nodosa</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Eski	<i>Equisetum hiemale</i>	Holurt	<i>Silene maritima</i>
Eyrarrós	<i>Epilobium latifolium</i>	Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>	Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Finnungsstör	<i>Carex nardina</i>	Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>	Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum commutatum</i>	Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Fjallakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>	Hvítstör	<i>Carex bicolor</i>
Fjallanóra	<i>Minuartia biflora</i>	Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	Íslandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>	Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>	Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	Klíoelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	Klíoífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Fjallnykra	<i>Potamogeton alpinus</i>	Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Flagahnöðri	<i>Sedum villosum</i>	Kollstör	<i>Carex macloviana</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>	Kornsúra	<i>Polygonum viviparum</i>
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	Langkrækili	<i>Sagina saginoides</i>
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	Laukasteinbrjótur	<i>Saxifraga cernua</i>

Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	Stjörnusteibrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>	Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Ljósastör	<i>Carex rostrata</i>	Toppastör	<i>Carex krausei</i>
Ljósberi	<i>Viscaria alpina</i>	Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	Tröllastakkur	<i>Pedicularis flammea</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>	Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Lónasóley	<i>Ranunculus trichophyllus</i>	Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Lækjafraehyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>	Týtulíngresi	<i>Agrostis canina</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>	Undafíflar	<i>Hieracium</i> spp.
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Mariuvendlingur	<i>Gentianella tenella</i>	Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>	Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>	Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Melgras	<i>Elymus arenarius</i>	Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	Vatnsliðagras	<i>Alopecurus aequalis</i>
Mosalyng	<i>Harrimanella hypnoides</i>	Vatnsnarfagras	<i>Catabrosa aquatica</i>
Mosasteibrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>	Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Móanóra	<i>Minuartia stricta</i>	Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	Vetrarkviðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Móastör	<i>Carex rupestris</i>	Þráðnykra	<i>Potamogeton filiformis</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	Þúfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>		
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>		
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>		
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>		
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>		
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>		
Rauðstör	<i>Carex rufina</i>		
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>		
Rjúpustör	<i>Carex lachenalii</i>		
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>		
Sefbrúða	<i>Ranunculus hyperboreus</i>		
Skammakrækili	<i>Sagina procumbens</i>		
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>		
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>		
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>		
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>		
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>		
Snækrækili	<i>Sagina intermedia</i>		
Snæsteibrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>		
Sótstör	<i>Carex atrata</i>		
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>		